

Mál nr. 18/2006

M

og

Vátryggingarfélagið V. v innbúsliðar fjölskyldurtryggingar M

Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar úr íbúð þ. 15.10.2005.

Gögn.

1. Málskot móttengi þ. 1.2.2005 ásamt bréfi dags.9.1.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 51/.06.
3. Lögregluskýrsla dags. 15. og 16.10.2005.
4. Bréf V dags. 13.2.2006.

Málsatvik.

Tilkynnt var til lögreglu um þjófnað úr íbúð og ákveðnum munum stolið. Engin merki sáust um innbrot og einn íbúi í íbúðinni sagðist hafa týnt sínum lykli. Engin var í íbúðinni á milli kl. 10.30 og 14.30 en þjófnaðurinn uppgötvaðist ekki fyrr en 17.30. Í lögregluskýrslu segir að af ummerkjum að dæma á vettvangi virðist sem þarna hafi verið farið inn með lykli og þjófurinn hafi vitað af þeim munum inni í íbúðinni sem hann stal. M krefst bóta úr innbúslið fjölskyldurtryggingar sinnar hjá V. V hafnar bótaskyldu og vísar í því sambandi til 6.tl.3.gr 1. kafla vátryggingaskilmála þar sem fram kemur það skilyrði fyrir bótagreiðslum að greinileg og ótvíræð merki um innbrot séu fyrir hendi.

Álit.

Í lögregluskýrslum kemur fram að ekki sáust þess merki í íbúðinni að brotist hefði verið inn. Samkvæmt 6.tl. 3.gr. 1.kafla vátryggingaskilmála þeirra sem um ræðir í máli þessu segir m.a. að það sé skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Ekki er um nein slík merki að ræða og þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr innbúslið fjölskyldurtryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbúslið fjölskyldurtryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 28.2.2006..

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.